

Atvinnuþróunarfélag
Eyjafjarðar b.s.

Ársreikningur 2011

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar b.s.
Skipagötu 9
600 Akureyri

kt. 551298-2729

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félaginu er ætlað að vera leiðandi afl í uppbyggingu og þróun á Eyjafjarðarsvæðinu.

Tap varð á rekstri félagsins á árinu 2011 að fjárhæð 6.484 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam 8.278 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Á árinu 2011 fór fram uppgjör á vöxtum á milli Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. og Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Í því fólst að Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar greiddi Vaxtarsamningi Eyjafjarðar 4.225 þús. kr. vegna árána 2008 til 2010. Enginn vaxtarsamningur var í gildi á árinu 2011, en nýr samningur var undirritaður í febrúar 2012 sem gildir til ársloka 2013.

Stjórn og framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 2012.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 2012.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrartekjur			
Rekstrarframlög sveitarfélaga		28.654.824	28.163.424
Rekstrarframlög Byggðastofnunar		11.982.074	12.566.183
Styrkir vegna sérverkefna		2.000.000	3.000.000
Framlög vegna svæðisskipulags		2.593.499	1.200.000
		<u>45.230.397</u>	<u>44.929.607</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	28.446.026	13.608.086
Verkefni og þjónusta		4.195.433	12.605.160
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		9.083.999	10.912.742
Gjöld vegna svæðisskipulags		2.355.608	1.393.052
Framlag vegna vaxta	7	4.224.889	0
Annar rekstrarkostnaður		3.567.220	3.675.647
Afskriftir	4	104.288	0
		<u>51.977.463</u>	<u>42.194.687</u>
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(6.747.066)	2.734.920
Vaxtatekjur		287.107	1.289.165
Vaxtagjöld	(23.635)	(52.845)
Gengismunur		0	(39.956)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>263.472</u>	<u>1.196.364</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	6	<u>(6.483.594)</u>	<u>3.931.284</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	0	104.288
Fastafjármunir samtals		0	104.288
Óinnheimtar tekjur		8.587.810	3.849.755
Krafa á Vaxey		0	11.097.129
Aðrar skammtímakröfur		1.712.302	1.819.473
Handbært fé		9.197.941	8.191.003
Veltufjármunir samtals		19.498.053	24.957.360
Eignir samtals		19.498.053	25.061.648
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		8.277.690	14.761.284
Eigið fé samtals	6	8.277.690	14.761.284
Skammtímaskuldir			
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	2.000.000
Skuld við Vaxey		5.465.348	0
Aðrar skammtímaskuldir		5.755.015	8.300.364
Skammtímaskuldir samtals		11.220.363	10.300.364
Skuldir samtals		11.220.363	10.300.364
Eigið fé og skuldir samtals		19.498.053	25.061.648

Sjóðstreymisýfirlit árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	6	(6.483.594)	3.931.284
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	104.288	0
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri		(6.379.306)	3.931.284
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Skammtímakröfur, hækkun		(4.738.055)	(2.369.407)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(2.545.349)	2.262.987
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(7.283.404)	(106.420)
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		(13.662.710)	3.824.864
Fjárfestingarhreyfingar			
Skammtímakröfur, breyting		11.204.300	(854.643)
Fjárfestingarhreyfingar		11.204.300	(854.643)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		3.465.348	800.000
Fjármögnunarhreyfingar		3.465.348	800.000
Hækkun á handbæru fé		1.006.938	3.770.221
Handbært fé í ársbyrjun		8.191.003	4.420.782
Handbært fé í árslok		9.197.941	8.191.003

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Félagið er að stærstum hluta fjármagnað með framlögum aðildarsveitarfélaga og eru framlögin miðuð við íbúatölu þeirra 1. desember 2010. Félagið fær fast framlag frá Bygðastofnun og einnig styrki til atvinnuþróunarverkefna á starfssvæði sínu samkvæmt samningum við Bygðastofnun.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími innréttinga, áhalda og tækja er þrjú til fimm ár.

c. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2011	2010
Laun	21.749.186	11.612.134
Launatengd gjöld	6.696.840	1.995.952
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>28.446.026</u>	<u>13.608.086</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	4	3

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 10,2 millj. kr.

Í árslok lét framkvæmdastjóri félagsins af störfum og hefur allur kostnaður vegna starfsloka hans verið gjaldfærður hjá félaginu.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Innréttingar áhöld og tæki
Heildarverð 1.1.2011	1.042.877
Afskrifað samtals	(938.589)
Bókfært verð 1.1.2011	104.288
Afskriftir á árinu	(104.288)
Bókfært verð 31.12.2011	<u>0</u>
Afskriftahlutföll	20 - 33%

5. Áhættufjármunir

Félagið á 0,45% eignarhlut í Þekkingarvörðum ehf. að nafnverði 157 þús. kr. í árslok. Eignarhluturinn er færður niður að fullu í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2011	14.761.284
Rekstrarniðurstaða ársins	(6.483.594)
Eigið fé 31.12.2011	<u>8.277.690</u>

7. Önnur mál

Félagið hefur tekið á leigu eina hæð í fasteigninni Skipagötu 9 á Akureyri fyrir starfsemi sína. Í janúar 2011 var undirritaður óuppsegjanlegur viðauki við leigusamning um fasteignina sem gildir til 1. apríl 2016. Leigugreiðslur vegna þessa samnings eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs og nemur árleg leiga 9.559 þús. kr. á verðlagi í janúar 2012.

Félagið hefur endurleigt hluta ofangreindrar fasteignar og nema leigutekjur um 5.355 þús. kr. á ári á verðlagi í janúar 2011.

Félagið er aðili að Vaxtarsamningi Eyjafjarðarsvæðisins sem undirritaður var í janúar 2008 og hefur það umsjón með framkvæmd hans. Gerður er sérstakur ársreikningur sem inniheldur rekstrar- og efnahagsreikning hans. Starfsemi á vegum samningsins hófst í janúar 2008 og gildi hann til ársloka 2010. Enginn vaxtarsamningur var í gildi á árinu 2011. Rekstrarhagnaður vegna samningsins á árinu 2011 nam 4.600 þús. kr. og er vísað til ársreiknings Vaxtarsamningsins Eyjafjarðarsvæðisins um ráðstöfun hans.

Á árinu 2011 fór fram uppgjör á vöxtum á milli Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. og Vaxtarsamnings Eyjafjarðar. Í því fólst að Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar greiddi Vaxtarsamningi Eyjafjarðar 4.225 þús. kr. vegna árána 2008 til 2010. Enginn vaxtarsamningur var í gildi á árinu 2011, en nýr samningur var undirritaður í febrúar 2012 sem gildir til ársloka 2013.

Samningur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar b.s. við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðaðróun rann út í árslok 2010. Ekki hefur verið gengið frá nýjum samningi, en Byggðastofnun greiddi þrátt fyrir það framlög til félagsins á árinu 2011.